

Verkefnaráð

Fundargerðir: Verkefnaráð 21.10.2024

Verkefnaráð	1
Mínar síður	3
Ráðgjafinn	4
Búi	6

Verkefnaráðsfundur 21.10.2024

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 2024 - Kynningar
Dagsetning 21.10.2024	Staðsetning Borgartún 12-14
Mættir: Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Þröstur Sigurðsson, Sigurður Fjalar Sigurðsson, Tindur Óli Jensson	
Fjarverandi:	
Fundarritari: Harpa Atladóttir/Eva Björk Björnsdóttir	

Dagskrá fundar

Mánudagur 21. október 2024, kl. 10:00 – 11:10 – 5. hæð vestur, Laufbrekka, Borgartún 12-14

10:00 - 10:05 Samstilling

10:05 - 10:25 Míнар síður: Fjalar

10:25 - 10:30 Umræður

10:30 - 10:55 Ráðgjafinn og Búi: Tindur Óli

10:55 - 11:10 Umræður

11:10 Fundi slitið

Mínar síður

Stóra myndin

1. **Grunnvirkni** – Mínar síður taka við af Rafrænni Reykjavík. Öll form sem voru, eru komin yfir og nú rafræn
2. **Umboðsvirkni** – Prófkúruhafar og umboðsaðilar komast inn á mínar síður í nafni fyrirtækja eða einstaklinga
3. **Samþætting** – Mál stofnuð í bakendakerfum út frá formum og staða sótt í kerfin. Mál stofnuð af bakendakerfum
4. **Skölun og hersla** – Útvíkkun á umsóknarkerfi, samþættingu, prófunum þjónustuferla, ná meiri stöðuleika í rekstri með betra eftirliti
5. **Framtíðin á island.is**

Vegvísir

Október – desember

- Umsókn um Íbúakort fyrir bílastæðasjóð (Ný umsókn: .NET og Azure)
- Full aðgerðaskráin á Mínunum síðum (Activity logging)
- Opnun fyrir umboð til einstaklinga
- Auglýsingaráttak vegna umboða til einstaklinga
- Viðhald á umsóknum m.t.t. viðbóta í Umsóknarstjóra
- Viðhald og endurbætur á Umsóknarstjóranum
- Flutningur bakenda Minna síðna í .NET arkitektúr
- Ný aðalvalmynd Minna síðna
- Umsýsla upplýsinga nemenda í Bjargeyju fyrir foreldra

Janúar – mars

- Uppfletting þjónustvers MVP (Ný vara: tengist Búa og Mínunum síðum)
- Upphleðsla gagna í Mínunum málum (skref í útleiðingu eldri lausna)
- Stofnun umsókna úr ytri kerfum (Samþætting)
- Auknar fjárhagsstillingar (fleiri boðgreiðslur, greiðslugátt og fleira)
- Gerviskrár - Hermigögn í prófunum

Sigrar

- Eitt gamalt kerfi út – Rafræn Reykjavík
- Höfum náð upp miklum gæðum í gerð umsókna
- Höfum minnkað kolefnisspor
- Höfum bætt þjónustuupplifun, upplýsingagjöf og sjálfsafgreiðslu íbúa
 - Einfalt dæmi: birting umsókna/upplýsinga út frá forsjáarskráningu
- Höfum bætt gæði upplýsinga með meiri nýtingu stofnskráa
- Umboðsvirknin og aðgengi prófkúruhafa í nafni fyrirtækja að Mínunum síðum.

Hindranir

Það sem er að stoppa okkur

- Hægar breytingar á nýju tæknihverfi: .NET og Azure
- Veikindi

Það sem mun stoppa okkur fljólega

- Vöxtur stoðvirkni eins og prófana
- Takmarkaður skalanleiki: magn vs. stærri faðmur og island.is

Umræður verkefnaráðs:

Góð kynning og bendir verkefnaráð á að mikilvægt að haldið sé vel utan um vinnuna með island.is og að allar ákvarðanir séu skjalaðar.

Aftur í efnisyfirlit

Ráðgjafinn

Stóra myndin

Ráðgjafinn er fyrir starfsfólk sem vill veita íbúum stuðning til að lifa sjálfstæðu og innihaldsríku lífi. Ráðgjafinn er einföld og auðskilin lausn sem leiðir 1-2-3 ferli VEL áfram á skilvirkan og gagnsæan hátt. Sá ferill felur í sér umsókn um þjónustu, mat á þjónustupörf og ákvörðun um þjónustu. Vinnan fer í að hjálpa íbúum en ekki ýta á takka.

Vegvísir

Skammtíma markmið:

- Gefa út Virkni og ráðgjöf (200% aukning í notendum, allt að 500% aukning á íbúum)
- Færa Stoð yfir á mínar síður Reykjavíkur
- Gefa út síðustu 2 málaflokka eins hratt og hægt er með fókus á ráðgjafa. (Meira um það síðar)

Langtíma markmið:

- Leggja niður málaskrá
- Skapa skilvirkni í starfi ráðgjafa og bæta gæði þjónustu við íbúa
- Auka samhæfingu þvert á starfstöðvar
- Auka ánægju starfsfólks og bæta ásýnd sviðsins
- Auka gagnagæði ráðgjafþjónustu

Hvar erum við stödd í dag:

- Við erum í tiltekt í grunnmúrunum
- Erum að bæta við stuðningi fyrir fleiri málaflokka
- Lágmarksstuðningur fyrir hvern málaflokk er 1-2-3
 - Umsókn
 - Þjónustumat
 - Þjónustuáætlun
- Beta útgáfa af málaflokki Virkni og Ráðgjöf mun koma út á Q1 2025
- Vinna er hafin við að kortleggja flutning yfir á Mínar síður

Sigrar

- Útgáfa/innleiðing Ráðgjafans/Símaráðgjafans/Stoð
- Uppfærsla Símaráðgjafans
- Notendaviðtöl byrjuð aftur
- Mönnun teymisins
- Traust VEL endurbyggt

Hindranir:

- Virkni og ráðgjöf þróað án þess að hafa talað við íbúa. Til þess að fylgja stefnu borgarinnar og byggja góðan hugbúnað verðum við að setja íbúan í fyrsta sæti.
- Við höfum ekki mannskap til þess að kortleggja þarfir íbúa á ábyrgan hátt.
- Við munum þurfa aðstoð við að greina þarfir íbúa fyrir hvern málaflokk og stærri verkefni.
 - Ein útfærsla væri aðkoma þjónustuhönnuða að afmörkuðum rannsóknarverkefnum fyrir hverja þjónustulínu, og stærri verkþætti í samstarfi með umbreytingarteymi VEL. Þetta myndi tryggja skilvirkni auk þess að stórauka möguleika vöruteymis í að skila áþreifyfanlegum ávinningi fyrir íbúa og svið.


Umræður verkefnaráðs:

Rætt var um málaskrána og mikilvægi þess að leggja hana niður og byggja hana upp á nýjan hátt. Mikilvægt að stafrænn leiðtogi aðstoði vörustjóra við þessa vinnu.

Aftur í efnisyfirlit

Búi

Stóra myndin



- Búi er umsjónarkerfi fyrir starfsfólk sem heldur utan um stuðning og þjónustu við íbúa
- Með því að stuðla að aukinni samvinnu og samhæfðum aðgerðum.
- Búi eykur gagnsæi gagnvart forsjáraðilum.
- Eykur öryggi viðkvæmra persónuupplýsinga.
- Frumgerðin inniheldur aðgangsstjórnborð fyrir stjórnendur, nemendaspjald, nemendalista og öll skjöl sem tengjast velferð barnsins.

Vegvísir

Skammtíma markmið:

- Innleiða vöruna í fjórum skólum á þessu ári
- Bæta við aðgang frístundar fyrir mars 2025
- Bæta við skráningu samskipta á Q2
- Fá skýrara eignarhald á vörunni

Langtíma markmið:

- Styttu tímann frá vandamáli í að stuðningskerfi er komið á fyrir börn
- Minnka skriffinnsku og umsjónar vinnslu í skólaþjónustu
- Gera foreldra að virkum þátttakendum í máli barns
- Auka samvinnu stuðningsaðila í vinnslu mála
- Skýr svör um umfang og árangur skólaþjónustunnar

Hvar erum við stödd í dag:

- Erum í biðstöðu vegna þess að nýtt Azure umhverfi hefur tafið innleiðingu í um það bil 4 mánuði
- Innleiðing mun hefjast með Hlöðunni um leið og teymið hefur fengið raun umhverfi
- Ekki er planað að framþróa vöruna fyrr en endurgjöf hefur fengist frá notendum
- Virkni eins og skráning samskipta frá ráðgjafanum mun nýtast í Búa, sama á við um tenginu við Mínar síður

Á teikniborðinu:

- **Opna fyrir Frístund** – Vinnsla barns flýtur þá hindrunarlaust á milli frístundar og grunnskóla í Reykjavík
- **Verkefni** – Öll verkefni sem snúa að velferð barnsins
- **Skráning samskipta** – Öll samskipti sem tengjast vinnslu barnsins á einum stað
- **Aðgangur foreldra** – Innsýn foreldra á Mínum síðun

Sigrar

- Sameiginleg sýn Búa og Ráðgjafans
- Endurgjöf notanda hefur verið gríðarlega góð
- Samhæfð innleiðing með Hlöðunni
- Innleiðingarstýra og aðkoma miðstöðva

Hindranir

- Mikið álag á teymið sem er ekki bara með Búa heldur einnig Veitu, Ósk, Ráðgjafann, Símaráðgjöf, Stoð og BBB
- Plönin ekki í samræmi við auðlindir

Umræður verkefnaráðs:

Rætt var um upplýsingagrunn Búa og mikilvægi þess að verkefnin séu áætluð út frá auðlindum

Aftur í efnisyfirlit